

Einsetumaðurinn sat langa lengi í hellinum. Í huga hans var ötund, forvitni og vonbrigði. „Ég verð að sitja við dyrnar á helli mínum”, sagði hann, „annars kem ég aldrei auga á þessar sýnir. En hvernig þessir heimsku pílagrímur trúfla hugsanir mínar”.

Svo sät hann marga daga við dyrnar á hellinum og staði greiulega út í hádegisbirtuna, þar til augu hans, sem voru orðin veikluð af myrkru, vöndust við það. En honum birtist engin sýn. Bros himinsins færði honum enga opinberun; og forvitni einsetumannsins ox meir og meir. Hvað höfðu pílagrímarnir séð? Hvernig var ásjóna guðs? Hafði hann horft með velfóknun eða vanþóknun á hellinn? Þessar spurningar ráku einsetumanninn af stað. Fullur ákafa yfirlagf hann bústað sinn til að finna í nágrenninu pílagrímama, sem ljósið hafði skinið á.

Fyrsti pílagrímurinn, sem hann fann lá sjúkur. Með sársauka og þrautum heilsaði hann einsetumanninum og undraðist yfir því, að svo heilagur maður skyldi haða yfirgefis felustað sinn. En hann gat ekki sagt honum neitt.

„Það var ekkert nema dýrðin”, sagði sjúki maðurinn, „og ó hefir það hughreyst mig. Um længar nætur, mitt í sóttveikiskvölunum hefir ljósið skinið um mig og sál míni hefir dvalið í birtu. Og um leið og hann talaði varð andlit hans bjart, eins og það hafði verið á staðnum þar sem ljósið skein á það. Jafnvel bjartara en þá, hugsaði einsetumaðurinn með djúpri öfund.

Sá næsti, sem hann fann, hafði orðið blindur, þegar hann kom heim. En í stað þess að kvarta var hann fullur af þakklaeti og sagði:—

„Hvaða þörf hefi ég á augum til að sjá með, sem hefi séð ásjónu Guðs? Hvað annað er þess vert að estir því sé sózt?” Andlit hans var undra bjart, en hvernig sýnin hafði verið gat hann ekkert um sagt. „Það var einungis fagurt”, hvíslaði hann, og einsetumaðurinn fór burt hryggur í huga.

Sá þriðji, sem hann fann, hafði mist konu sína og barn. Ræningjar höfðu stolið þeim meðan hann var að heiman. Þó hann væri einmana, var engin gremja í hjarta hans.

„Ljósið og sýnin”, sagði hann, þegar einsetumaðurinn